

# Smitvarnir og blóðgjöf

BLÓÐGJAFAR BERA ÁBYRGÐ

Vinsamlegast  
láttu vita ef  
eitthvað kemur  
í ljós varðandi  
heilsufar þitt sem  
gæti gert fyrri  
blóðgjafir þínar  
ónothæfar fyrir  
sjúkling

Vinsamlega  
lesið  
eftirfarandi  
upplýsingar  
af nákvæmni  
við hverja  
komu

Ef eitthvað er  
óljóst fáðu nánari  
upplýsingar hjá  
hjúkrunarfræðingi  
eða lækni  
Blóðbankans

## EKKI GEFA BLÓÐ EF:

1. Þú hefur fengið vefjaígræðslu:
  - a. úr dýri
  - b. úr mönnum: hornhimnu, heila-himnu eða heiladingulshormón (t.d. vaxtarhormón).
2. Þú hefur heyrt um Creutzfeldt-Jakob eða aðra smitandi heilahrörnunarsjúkdóma í nánustu fjölskyldu.
3. Þú hefur smitast eða gætir hafa smitast af HIV, HTLV, sýfilis eða lifrabólguveiru B eða C
4. Þú hefur einhvern tímann á ævinni sprautað þig í æð eða vöðva með fíkniefnum, vefaukandi sterum, hormónum eða öðrum lyfjum án fyrirmæla læknis, jafnvel aðeins einu sinni.
5. Þú ert karlmaður og hefur haft samfarir við sama kyn.
6. Þú hefur einhvern tímann stundað vændi.
7. Þú hefur fengið einhvern af eftirfarandi smitsjúkdómum: Chagas, Babesiosis eða Kala-Azar.

**Þú getur hætt við blóðgjöf hvenær sem er án þess að gefa skýringu.**

## FRESTA ÞARF BLÓÐGJÖF Í MINNST 12 MÁNUÐI EF:

- Þú hefur haft mök við einstakling sem er smitaður af HIV, HTLV, sýfilis eða lifrabólgu B eða C.
  - Þú hefur haft mök við einstakling sem hefur einhvern tímann:
    - a. stundað vændi
    - b. sprautað sig með fíkniefnum, vefaukandi sterum, hormónum eða öðrum lyfjum án fyrirmæla læknis, jafnvel aðeins einu sinni.
  - Þú ert kona sem hefur haft samfarir við karlmann sem hefur haft samfarir við sama kyn.
  - Þér hefur verið nauðgað.
- ATH** Ákveðnar reglur gilda ef þú hefur haft mök við einstakling sem er smitaður af sýfilis. Ræðið nánar í viðtalinu við hjúkrunarfræðing.

## FRESTA ÞARF BLÓÐGJÖF Í MINNST 4 MÁNUÐI EF ÞÚ HEFUR:

- Deilt heimili með einstaklingi sem er smitaður af lifrabólguveiru B.
- Verið í speglun með sveigjanlegum tækjum t.d. maga- eða ristilspeglun.
- Fengið húðflúr, skartgripagötun eða aðrar stungur í húð t.d. förðun/rafháreyðingu.
- Verið í nálástungumeðferð hjá öðrum en lækni, hjúkrunarfræðingi, ljósmóður eða sjúkraþjálfara.

- Stungið þig á notaðri nál (stunguslys) eða fengið á þig líkamsvessa.
- Fengið blóð eða vefjaígræðslu frá mönnum, aðra en heila-/hornhimnu eða heiladingulshormón.

## HAFA BER Í HUGA:

- Við hverja blóðgjöf eru tekin blóðsýni sem eru rannsökuð með tilliti til: HIV, sýfilis og lifrabólguveiru B og C.
- Ekki er öruggt að merki um smit finnist þó að blóðgjafi sé sýktur. Þess vegna þurfa heilsufarsspurningar og svör við þeim að vera mjög ítarleg.
- Ef merki um smit kemur í ljós er haft samband við blóðgjafann, hann tekinn af skrá og blóðinu fargað.
- Gefðu ekki blóð í þeim tilgangi að fá rannsókn á hugsanlegu lifrabólgu, HIV eða sýfilis smiti. Leitaðu þá til heilsugæslu eða göngudeildar smitsjúkdóma á Landspítala.

**Þeir teljast til áhættuhópa sem vegna hegðunar sinnar, athafna eða kynlífs er hætt við að fá alvarlega smitsjúkdóma sem geta borist með blóði.**